

Velferðarnefnd Alþingis, Efni: Umsögn um frumvarp frá heilbrigðisráðherra til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974 (afglæpavæðing neysluskammta).

Undirritaður mótmælir frumvarpi heilbrigðisráðherra um afgangavæðingu neysluskammta fíkniefna og leggur til að málið verði afturkallað og endurinnið frá grunni.

Greinargerð:

Afgangavæðing mun ekki minnka þann skaða sem neysla fíkniefna veldur, heldur þvert á móti stórauka hann. Þetta kemur skýrt fram í umsögn Læknafélags Íslands:

Síðastliðna 14 mánuði hefur heilbrigðisráðherra ítrekað og undantekningalaust farið að ráðum okkar færustu sérfræðinga, lækna, vegna aðgerða og lagasetninga í baráttunni við Covid-19.

Það hefur reynst gæfuríkt fyrir land og þjóð.

Undirritaður skorar því á heilbrigðisráðherra að vera samkvæm sjálfri sér og hlusta áfram á ráð okkar færustu sérfræðinga, lækna, og afturkalla umrætt frumvarp.

Það mun reynast landi og þjóð gæfuríkt.

Í frumvarpinu vitnar heilbrigðisráðherra í svokallaða Portgalska leið máli sýnu til stuðnings.

Því er rétt að benda á eftirfarandi tilvitnanir úr Vancouver Sun, sept. 2018, en þar segir höfundur

Portúgölsku leiðarinnar, Dr. João Castel-Branco Goulão eftirfarandi:

“Decriminalization is not a silver bullet, if you decriminalize and do nothing else, things will get worse.”

(Þýðing: Afglæpavæðing er ekki töfralausn, ef þú afglæpavæðir og gerir ekkert annað munu málin versna.

Af þessum ástæðum voru neysluskammtar ekki afglæpavæddir í Portúgal fyrr en búið var að byggja upp afar öflugt meðferðarkerfi án biðlista.

Ég kalla eftir því að Alþingi sýni ábyrgð og samþykki ekki þetta frumvarp.

Við eigum að gera betur.

Virðingafyllt,

Tómas J Sigurðsson

Skrifstofa Alþingis – nefndarsvið

101 Reykjavík

Reykjavík 07.05.2021

